

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/596  
komudagur 7.12.2006



VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — menntamálanefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dags. 5. desember 2006  
Tilv. 012/7187/MJ/KG

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands

Veðurstofa Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands og styður heils hugar efni þess. Í ljósi þess að samstaða hefur orðið um samstarf og verkaskiptingu milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, væntir Veðurstofan þess að hafist verði handa strax á næsta ári við að koma hér upp náttúruminjasafni sem stendur undir nafni og hæfir mikilvægi og fegurð íslenskrar náttúru. Það má ekki seinna vera og vonandi verður tekið á þessu verkefni af slíkum myndarbrag að 100 ára aðgerðarleysi verði eftir á talið réttlætanlegt.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri